




Randbyggð við Hringbraut. Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. júní 2026 var lögð fram fyrirspurn Íslenskra fasteigna ehf., dags. 4. maí 2026, um breytingu á deiliskipulagi Landspítala við Hringbraut, Randbyggðar sem felst í breyttri útfærslu á göngustíg og tengingu hans við göngubrú yfir Hringbraut við Randbyggð. Auk tillögu um viðbótarhæð og lækkun salarhæða í byggingum 32-33-34 og bættri útfærslu á bílakjallara með tilliti til aðgengis og staðsetningar á göngubrú.



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingarnar við Hvannargötu, án staðfangs, miðsvæði (M), nánar tiltekið borgarluta M5E, Miðsvæði við LSH-reit. Lóðin er hluti af borgarluta 2, Miðborg.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Landspítala v. Hringbraut,, samþykkt í borgarráði 21.3.2013 ásamt síðari breytingum. Skýringarmynd hér að ofan er tekin úr síðustu breytingu, Nýr Landspítali við Hringbraut, Sóleyjartorg, samþykktir 15.05.2025.

Umsögn

Í AR2040 segir að á reit M5e skuli byggjast upp „randbyggð við Hringbraut. Einkum skrifstofur, verslun og þjónusta. Við þróun byggðar á svæðinu verði tekið tillit til nálægðar við Landspítala og Háskóla Íslands. Þéttleiki á svæðinu taki mið af þéttleika á lóð NLSH og verði ákvarðaður í deiliskipulagi.“ Deiliskipulagið sýnir þrjá mjóa, þriggja hæða byggingarkroppa eftir Hringbraut merktar 32-33-34.


Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til breytingar á deiliskipulagi á reitnum, en fyrir liggur að núverandi göngustígur upp á merka göngubrú yfir Hringbraut að reitnum, sem hönnuð er af arkitektunum Studio Granda, liggur í gegn um fyrirhugaða randbyggð í samþykktu deiliskipulagi og því þarf að leysa tengingu við brúna á útsjónarsaman hátt. Lóðarhafi kynnti embættinu frumtillögur á fundi 17.4.2026. sem hengdar hafa verið við málið.



Tillögurnar sýna:

1. breytta útfærslu á göngustíg og tengingu hans við göngubrú yfir Hringbraut við Randbyggð.
2. viðbótarhæð og lækkun salarhæða í byggingum 32-33-34. Áhrif breytingar á hæð bygginga er óveruleg (u.þ.b. 1-1,5m hækkun þakkóta).
3. Jafnframt er óskað eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til breyttrar útfærslu á bílakjallara með tilliti til aðgengis og staðsetningar á göngubrú.

Skipulagsfulltrúi fagnar viðleitni lóðarhafa en leggur áherslu á sæmdarrétt arkitekta brúarinnar og mælir með að samráð sé haft við þá vegna áformanna. Skipulagsfulltrúi tekur jákvætt í fyrirspurnina með fyrirvara um frekari lausnir sem sýndar verði í deiliskipulagsuppdráttum. Ekki er tekin afstaða til breyttrar útfærslu á bílakjallara fyrr en frekari uppdrættir liggja fyrir.



Tillöguuppdráttur, ódags.

Niðurstaða

Í stuttu máli er jákvætt tekið í fyrirspurnina með fyrirvara um frekari lausnir sem sýndar verði í deiliskipulagsuppdráttum. Ekki er tekin afstaða til breyttrar útfærslu á bílakjallara fyrr en frekari uppdrættir liggja fyrir.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Óskar Örn Arnórsson
verkefnastjóri